

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ

Ár 2016, föstudaginn 15. apríl var haldinn 243. fundur ípróttá- og tómsfundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Hofi og hófst kl. 12:14. Viðstaddir: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson varamaður fyrir Dóru Magnúsdóttur, Tomasz Chrapek, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, og Trausti Harðarson. Einnig: Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sviðsstjóri sagði frá stöðu mála varðandi Fjölni og Egilshöll. Lögð fram bókun hverfisráðs Grafarvogss frá 12. apríl sl. varðandi byggingu fjölnota ípróttahúss við Egilshöll og rennibraut í Grafarvogslaug.
2. Lögð fram að nýju eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá síðasta fundi:

Samkvæmt svari við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem barst frá framkvæmdastjóra Ípróttá- og tómsfundaráðs Reykjavíkurborgar haust 2015 kom í ljós að framhaldsskólinn Borgarholtsskóli nýtir ípróttamannvirki Reykjavíkurborgar án greiðslna fyrir 3,5 milljónir á ári þ.e. ípróttahúsið við Dalhús, knattspyrnuhús við Egilshöll. Lagt er til reikningsfært verði á Borgarholtsskóla 3,5 milljónir fyrir árið 2016 auk og framvegis árlega reikningsfærð verði öll notkun Borgarholtsskóla á ípróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar enda hlutfall kostnaðar við notkun ípróttamannvirkja fyrir framhaldsskóla ábyrgða- og kostnaðarmál menntamálaráðuneytis en ekki Reykjavíkurborgar.

Samþykkt að vísa tillögunni til sviðsstjóra ÍTR til meðferðar.

3. Sviðsstjóri sagði frá stöðu mála varðandi Knattspyrnufélagið Fram í Úlfarsárdal.
4. Sviðsstjóri fór yfir áherslur og forgangs röðun ÍTR vegna fjárhagsáætlunar 2017.
5. Sviðsstjóri upplýsti um stöðu mála varðandi endurnýjun gervigrasvalla.
6. Lögð fram skýrsla Fjármálaskrifstofu Reykjavíkur um framkvæmd styrkjareglna 2015.
7. Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Ípróttá- og tómsfundaráð Reykjavíkur beinir þeim tilmælum til umhverfis- og skipulagssviðs að við yfirstandandandi hönnun ípróttamannvirkja í Grafarholti-Úlfarsárdal verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir líkamsræktarstöð í þágu íbúa hverfisins. Líkamsræktarstöðin verði í góðum tengslum við væntanlega sundlaug og aðra ípróttastarfsemi á svæðinu. Unnið verði að málinu í góðri samvinnu við Knattspyrnufélagið Fram og m.a. kannað hvort félagið hafi hug á að taka að sér rekstur stöðvarinnar.

Frestað.

Fundi slitið kl. 12:55

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarsdóttir
Tomasz Chrapek
Kjartan Magnússon

Bjarni Þór Sigurðsson
Marta Guðjónsdóttir
Trausti Harðarson